

Nr. 14/1885.

Rjettvísing

gægn

Jóni Einarssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á aukabíngi Rangárvallasýslu 16. dag desembermán. 1884, var hinn ákærði, Jón Einarsson, dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga, til að greiða Sigurði bónda Einarssyni á Vestra-Fróðholti 3 krónur í skaðabætur, svo og til að lúka öllum löglegum kostnaði af máli þessu.

Með eigin játningu hins ákærða, Jóns Einarssonar, og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í máli þessu, er löglega sannað, að hann haustið 1883 markaði undir sitt mark lamb undan marki Sigurðar bónda Einarssonar á Vestra-Fróðholti. Lamb þetta kom sjálfkrafa í fje hans, og drapst, að sögn hins ákærða, næsta vetur eptir.

Þetta brot hins ákærða hefur hjeraðsdómurinn álitíð að heyrði undir 131. gr. hegningarlaganna, en samt sem áður ekki dæmt hann eptir þeirri grein. En afbrot hans á undir 250. gr. hegningarlaganna. Ennfremur hefur hinn ákærði borið, að hann fyrir nokkrum árum hafi gefið skepnum sínum dálitíð af heyi, er annar maður átti í yörzlum hans, en sem sá, er misgjört var við, ekki kvaðst mundu hreifa við.

Nú með því hin nánari atvik við þessa heytöku eru allsendis ekki komin fram, og ástæða til að álíta, að 68. gr. hegningarlaganna mundi eiga við um þetta verk, þá getur það alls ekki komið til álíta í þessu máli.

Hegning sú, sem hinn ákærði, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, hefur til unnið samkvæmt 250. gr. hegningarlanna, virðist hæfilega metin 4×5 fangelsi við vatn og brauð. Iðgjöld verða ekki dæmd í þessu máli, með því sá, sem misgjört var við, ekki hefur farið fram á það. Yfirdómurinn fellst á ákvæði hjeraðsdómsins að því til málskostnaðar kemur, og ber hinum ákærða einnig að greiða allan af afrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulann til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jón Einarsson á Eystri-Geldinga-læk, á að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í hjerði skal hjeraðsdómnum óraskað. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af afrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.